

## Yfirlýsing kvenna í iðngreinum og hefðbundnum karlastörfum

Kynbundin mismunun, áreitni og ofbeldi á sér stað í iðngreinum. Við krefjumst þess að vera teknar alvarlega og að við getum sagt frá án þess að það komi niður á okkur í starfi.

Það er mikilvægt að eyða þessu “konur kunna ekki” viðhorfi úr iðnaðarstörfum á Íslandi. Við tókum sama nám og sömu próf og þeir iðnaðarmenn sem við vinnum með og í mörgum tilvikum meiri reynslu en margir aðrir, en samt á að mismuna og niðurlægja okkur fyrir það eitt að hafa píku.

Að þurfa að hlusta á athugasemdir um útlit sitt, hvernig fötum maður klæðist, uppspunnar sögur, óumbeðnar snertingar og káf, uppnefni, niðurlæging fyrir framan aðra, óviðeigandi skilaboð/myndir á Facebook og í SMS-um, kynferðisleg áreitni frá eldri mönnum fær mann til að gefast upp.

Í iðnstörfum er það oft þannig að þegar strákar byrja í vinnu eru þeir álitnir góðir þangað til annað kemur í ljós en konur þurfa hins vegar að vinna hart að því að vera álitnar góðar. Þegar hópar koma í heimsóknir í fyrirtækin sem við vinnum hjá upplifum við okkur sem sýningardýr þar sem er passað upp á að sýna konurnar á vinnustaðnum.

Við eigum ekki að þurfa að fara niður á það plan að sætta okkur við kynferðislega brandara, káf og grín á okkar kostnað til að geta unnið með körlum.

Það er mjög erfitt fyrir konur í iðngreinum að koma fram og greina frá sínum sögum því afar auðvelt er að rekja þær til okkar aftur. Við teljum þó nauðsynlegt að rödd okkar heyrast í stað þess að ætlast til þess að við séum ekki með vesen og hundsum kynferðislega áreitni. Hingað til hafa gerendur sloppið auðveldlega þegar við þorum að segja frá meðan við erum jafnvel teknar úr verkefnum frekar en gerandinn.

Sem betur fer eru fá skemmd epli í hópnum og við höfum unnið með frábærum mönnum sem hafa komið fram af jafnrétti og virðingu, við vonum innilega að þeir sem koma svona illa fram við kvenfólk líti í eigin barm og taki sig á því kynferðisleg áreitni og niðurlæging er óásættanleg.

Við krefjumst þess að allir samstarfsmenn okkar taki ábyrgð á að uppræta vandamálið, að viðeigandi yfirvöld, stéttarfélög og fyrirtæki í karllægum iðnaðarstörfum komi sér upp verkferlum og viðbragðsáætlun gegn kynbundinni áreitni.

Undir þetta hafa skrifað

Hafdís M. Svanberg Óskarsdóttir, Þeba Björt Karlsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Guðný Guðmarsdóttir, Ásdís Elvarsdóttir, Rán Bjarnadóttir, Snædís Traustadóttir, Svanbjörg Vilbergsdóttir, Elín Sizemore, Margrét Erlingsdóttir, Guðmundur Páll Ólafsson, Elfa Björk Rúnarsdóttir, Ólöf Ósk Steingrimsdóttir, Margrét ósk, Krístrún Úlfarsdóttir, Þórhildur Marteinsdóttir, Þórhildur Freysdóttir, Jón Sveinsson, Flóra Buenano, Sóley Rut Jóhannsdóttir,

Sara Brekkan, Gunnar Þór Jónsson, Benedikt Kristjánsson, Ingibjörg Ingadóttir, Katrín Káradóttir, Sara Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ólöf Eir Brekkan, Sigurdur Sverrir Stephensen, Hanna Brekkan.